

STF-2018-02 Klaustur og eldsveitirnar

Markmið: Að safna saman á vef frásögnum þar sem í stuttu máli er sagt frá sögu, menningu og náttúru í Skaftárhreppi. Vefurinn er myndskreyttur og á honum verða kort og tenglar á aðra vefi sem tengjast efninu. Textinn er kominn inn á vefinn og margar ljósmyndir. Búið er að skipuleggja vefinn og búa til tvö efnisyfirlit; myndrænt og hefðbundið. Ljósmyndir eru orðnar mjög margar á vefnum en það er verið að leita að fleirum. Það á eftir að bæta við landakortum og leiðarlýsingum, hanna og vinna þann hluta vefsins sem verður til að kynna þjónustu og afþreyingu og síðast en ekki síst að þýða valdar frásagnir á ensku og pólsku.

Lýsing: Vefurinn er í vinnslu en öllum opinn á slóðinni www.eldsveitir.is. Verkefnið er langt komið og má þakka það styrkveitingum sem gerðu starfsmanni kleift að einbeita sér að verkinu. Margir hafa komið að máli við mig og þakkað fyrir þetta verkefni. Skaftfellingar kunna vel að meta að sögu þeirra sé gerð skil og leiðsögumenn leita mikið á vefnum í sinni vinnu. Starfsfólk ferðapjónustunnar les sér gjarnan til á þessum vef.

Það sem er næst á döfinni er að:

- finna myndir við einstaka frásagnir t.d. af klaustrunum, Þorláki helga, listamanninum Kjarval og fleiru. Talið er víst að myndir séu til á Þjóðminjasafninu, Skógasafni, Listasafni Reykjavíkur og þarf að greiða fyrir að fá að nota þær á vefinn.
- hanna þann hluta vefsins sem verður fyrir auglýsingar. Þessa vinnu þarf að kaupa af grafískum hönnuði eða vefhönnuði.
- selja auglýsingar á vefinn en gert er ráð fyrir að vefurinn verði að fullu fjármagnaður með auglýsingum næstu árin.
- kynna vefinn innan og utan Skaftárhrepps
- síðast en ekki síst á að þýða valdar frásagnir á ensku og pólsku. Það er búið að hanna vefinn fyrir birtingu þýddra greina og búið að birta eina grein á ensku sem segir frá listamanninum Erró.

Verkefninu var úthlutað kr. 800.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.